



Stýrimannaskólinn í Reykjavík

The College of Navigation – Navigationskólinn
SKÓLAMEISTARI – PRINCIPAL – REKTOR
Sími: 551-3046 – Telephone: Int. + 551-3046 – Telefax: 562-2750
Netfang - e-mail: gudarm@ismennt.is
SJÓMANNASKÓLI ÍSLANDS v/Háteigsveg, 105 Reykjavík
ÍSLAND - ICELAND

Alþingi
Erindi nr. P 127/27
komudagur 6.11.2001

Reykjavík, 1. nóvember 2001

Samgöngunefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Efni: Alþjóðasiglingareglur, umsögn

Ég undirritaður fagna því að frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á alþjóðasiglingareglunum, sem samþykktar voru á allsherjarþingi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar 4. nóvember 1993 og tóku alþjóðlegt gildi 4. nóvember 1995, hefur verið lagt fyrir hið háa Alþingi, 127. löggjafarþing 2001-2002.

Breytingar á orðalagi og leiðréttingar á gildandi siglingareglum í lið 1 til og með 7 í frumvarpinu, sem ég undirritaður lagði til við hæstv. samgönguráðuneyti og Siglingastofnun Íslands í ágætri samvinnu við Helga Jóhannesson lögfræðing Siglingastofnunar eru einnig mjög mikilsverðar. Flestar varða þessar leiðréttingar 10. reglu, sem var alger nýjung í siglingareglunum 1972, en þá var framsetningu siglingareglanna gjörbreytt. 10. reglan um aðskildar siglingaleiðir var þá algjörlega ný regla og finna varð nothæft íslenskt hugtak yfir fjölmörg ný hugtök eins og “*Traffic Separation Schemes*”, skammstafað TSS í erlendum sjókortum. Valið var heitið “*Aðskildar siglingaleiðir*”, sem hefur reynst ágætlega, sem heildarheiti. Hugtakið hefur einnig verið notað yfir enska orðið “*lane*”, sem er ekki nægilega lýsandi og nákvæmt. Þjóðverjar nota þarna “*Einbahnung*”, Danir “*Trafikrute*” og Frakkar “*la voie de circulation*.”


Með tilliti til þessa og reynslu minnar í kennslu siglingareglanna, hefi ég lagt til að heitið “*einstefnuleið*” verði notað alls staðar þar sem enska orðið “*lane*” kemur fyrir. Þessi mikilvæga siglingaregla, sem hefur stórfækkað árekstrum á þröngum leiðum, verður þar með skýrari.

Í leiðréttingum, sakna ég eftirfarandi, sem ég legg til að verði sett undir lið 3.d. í frumvarpinu: Í stað orðanna “*og til að forðast yfirvofandi hættu*” kemur “*eða til að forðast yfirvofandi hættu*”. Þarna er augljóslega prentvilla, af því að í enska textanum stendur **or**.

Enski textinn: “*..any other place situated within the inshore traffic zone, or to avoid immediate danger.*”

Aðrar athugasemdir hefi ég ekki.

Virðingarfyllst,


Guðjón Armann Eyjólfson
skólameistari

Afrit: Helgi Jóhannesson lögfr. Siglingastofnun Íslands

